# SKEMMTISTUND




RYAN STOKER

## ALLT FYRIR HJÁLP KRISTS

Á þessu ári er ungmennaþemað úr Filippíbréfinu 4:13: „Allt megna ég fyrir hjálp [Krists] sem mig styrkan gerir.“ Segið okkur frá því hvaða þýðingu þessi ritningargrein hefur fyrir ykkur. Hvernig getið *þið* megnað allt með hjálp Krists? Sendið hugsanir ykkar og myndir á ftsoy@churchofjesuschrist.org til að eiga möguleika á að komast í næstu útgáfu!



## ÁSKORUN TIL ALLRA **LESENDA NÝJA TESTAMENTISINS!**

Við erum að læra Nýja testamentið á þessu ári. Eruð þið sérfræðingar í Nýja testamentinu? Eða kannski bara heppin? Við skulum sjá hversu mörgum af 27 bókum Nýja testamentisins þið getið raðað í rétta röð (án þess að kíkja!). Ef þið náið tíu eða fleirum rétt vinnið þið! Það eru nokkrar ábendingar barna til að hjálpa ykkur. (Ef ykkur gengur ekki of vel, þá hafið þið heilt ár til að verða sérfræðingar.)

- ___ Filippíbréfið
- ___ Galatabréfið
- ___ Hebreabréfið
- ___ Markús. *Vísbending: Eitt guðspjallanna (er framarlega).*
- ___ Lúkas. *Vísbending: Eitt guðspjallanna (er framarlega).*
- ___ Júdasarbréfið
- ___ 2. Þessaloníkubréf
- ___ 1. Pétursbréf
- ___ Matteus. *Vísbending: Eitt guðspjallanna (er framarlega).*
- ___ 2. Pétursbréf
- ___ 1. Jóhannesarbréf. *Vísbending: Má ekki rugla saman við Jóhannes, 2. Jóhannesarbréf eða 3. Jóhannesarbréf.*
- ___ Postulasagan. *Vísbending: Leitið að Postulasögunni á eftir guðspjöllunum.*
- ___ Efesusbréfið
- ___ 2. Korintubréf
- ___ Títusarbréfið
- ___ Jóhannes. *Vísbending: Eitt guðspjallanna (er framarlega).*
- ___ Jakobsbréfið
- ___ Fílemonsbréfið. *Vísbending: Teljið. Þessi er á réttum stað.*
- ___ Rómverjabréfið
- ___ 1. Korintubréf
- ___ 2. Tímóteusarbréf
- ___ 3. Jóhannesarbréf
- ___ 1. Þessaloníkubréf
- ___ Opinberunarbókin. *Vísbending: Þessar opinberanir eru oft um ENDI heimsins (og eru kannski endirinn á einhverju öðru líka).*
- ___ Kólossubréfið
- ___ 1. Tímóteusarbréf
- ___ 2. Jóhannesarbréf

MYNDSKREYTING EFTIR JOSH TALBOT



Sjá svör í ritningunum eða á síðu 31.



## MÁLAÐ MEÐ **LJÓSI**

Jesús Kristur er ljós heimsins. Við skulum finna út hvaða litir eru notaðir við ljósasamsetningu.

Þegar þið málið eða litið, þá eru grunnlitirnir rauður, gulur og blár. Grunnlitir ljóss eru í raun rauður, grænn og blár. Blöndun ljóss veitir aðra liti en þið gætuð búist við. Getið þið giskað á hvaða litir eru notaðir í ljósablöndun?

Hér eru litirnir sem velja má úr:







Sjá svörin á bls. 31.